

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 122/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jónasi Antonssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1987 og einnig af ákærvaldsins hálfu að því er hann varðar til þyngingar refsingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með framburði ákærða Jónasar Antonssonar og vitnanna Guðmundar Ingimundarsonar, Sigurðar Sigurpálssonar, Magnúsar Þórarins Baldvinssonar, svo og vottorði borgarfégetaembættisins um gjaldþrot og árangurslaus fjárnám hjá ákærða, er sannað að hann sveik út bifreiðina Þ 3677 með því að láta fyrir hana fjóra víxla samtals að fjárhæð 45.000,00 krónur. Vixlar þessir voru útgefnir af mági ákærða Pálma Val Sigurðssyni. Ljóst er að ákærða var þá um það fullkunnugt að útgefandi víxlanna var jafn ógjaldfær og hann sjálfur. Rétt þykir því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar refsingu ákærða og greiðslu hans á sakarkostnaði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Antonsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fullnustu 2 mánaða af refsingunni skal þó fresta og fellur refsing niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttar-lögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1987.

Ár 1987, föstudaginn 27. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 166-167/1987: Ákærvaldið gegn Jónasi Antonssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 18. febrúar 1985, á hendur ákærðu, „1. Jónasi Antonssyni, Unufelli 44, Reykjavík, fæddum 17. júlí 1950 í Reykjavík, 2. X ..., fyrir fjársvik og ákærða X fyrir hlutdeild í fjársvikum, ákærði Jónas með því að hafa með sviksamlegum hætti náð eignarhaldi á bifreiðinni Þ-3677, Toyota Carina árgerð 1973, frá Guðmundi Ingimundarsyni, Hraunbæ 110, Reykjavík, þann 20. júní 1984, á þann hátt að láta af hendi við Guðmund Ingimundarson sem fullt endurgjald fyrir bifreiðina fjóra víxla, þrjá að fjárhæð kr. 10.000,00 og einn að fjárhæð kr. 15.000,00 eða samtals kr. 45.000,00, á mánaðarlegum gjalddögum frá 20. júlí til 20. október 1984, alla samþykktu af ákærða Jónasi sjálfum og útgefna af meðákærða X, sem ákærði Jónas hafði hvorki getu né vilja til að greiða á umsömdum gjalddögum og fulla vitneskju um að sama gegndi um útgefanda víxlanna, meðákærða X. Ákærði Jónas endurseldi svo bifreiðina stuttu síðar Sigurði Sigurpálssyni, Skúlagötu 54, Reykjavík, fyrir kr. 30.000,00 í reidufé, sem ákærði hagnýtti sér í eigin þarfir án þess að skeyta um greiðsluskyldur sínar samkvæmt víxlunum.

Ákærði X er sakaður um hlutdeild í framanlýstum fjársvikum með-ákærða Jónasar með því að hafa eignalaus og tekjulitill gefið út framan-greinda víxla með fullri vitneskju um framanlýst viðskiptaáform með-ákærða Jónasar og vilja- og getuleysi hans til að greiða víxlana.

Atferli ákærða Jónasar telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en háttsemi ákærða X við sama refsíákvæði, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. desember 1984 kærði Inga Þórhildur Ingimundardóttir, Vesturbergi 94, Reykjavík, systir Guðmundar Ingimundarsonar, Hraunbæ 110, Reykjavík, ákærðu í máli þessu vegna ætlaðra svika í bílaviðskiptum. Kvað hún að bróðir sinn hafi selt ákærða Jónasi bifreiðina Þ-3677, sem er af gerðinni Toyota Carina, hinn 20. júní þar á undan. Hafi umsamið kaupverð verið 45.000,00 krónur sem átti að greiðast með vixlum 20. júlí, 20. ágúst og 20. september 1984, hverjum að fjárhæð 10.000 krónur, og vixli 20. október sama ár að fjárhæð 15.000,00 krónur. Lagði hún fram vixla þessa sem bera með sér að ákærði Jónas er samþykkjandi og greiðandi á þeim en ákærði X útgefandi.

Kærandi kvað að viðskipti þessi hefðu farið fram á heimili bróður síns að Hraunbæ 110 og ákærðu báðir komið þangað er gengið var frá kaupunum. Hafi enginn þessara vixla fengist greiddur og engin tilraun verið gerð af hálfu ákærðu til að semja um greiðslur. Hafi bróðir hennar gert tilraun til þess, en verið svarað með skætingi einum. Samkvæmt upplýsingum, sem kærandi hafði aflað sér, hafi bifreiðin eftir þetta verið seld Sigurði Sigurpálssyni, Skúlagötu 54, Reykjavík, og umskráning farið fram 19. júlí 1984.

Vitnið Guðmundur Ingimundarson, Hraunbæ 110, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi hinn 9. desember 1985 að viðskipti þessi hafi gengið þannig fyrir sig að vitnið hafi séð í Dagblaðinu að auglýst var eftir bifreið til kaups og hafi ákærðu og vitnið orðið ásáttir um kaupverðið. Taldi vitnið að kaupverðið hefði verið með lægra móti á þeim tíma, eftir því sem vitninu hafi verið tjáð. Var kaupverðið allt greitt með vixlum samtals að fjárhæð 45.000,00 krónur. Var annar kaupandinn samþykkjandi á vixlunum og hinn útgefandi.

Vitnið kvað að er það hafði fyrst tal af ákærða Jónasi eftir viðskiptin, hefði hann ekkert viljað kannast við þau fyrr en vitnið sýndi honum afsalið. Kvaðst vitnið hafa talað við báða ákærðu og þeir lofað að greiða ef þeir fengju greiddar kröfur er þeir áttu útstandandi. Ekkert hafi hins vegar orðið úr efndum. Er vitnið kom fyrir dóminn kvað það að ákærðu hefðu ekkert greitt af kaupverðinu.

Vitnið Sigurður Sigurpálsson, Skúlagötu 54, Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins að vitnið hefði keypt bifreiðina Þ-3677, fólksbifreið af gerðinni Toyota Carina, í júlí 1984. Kvaðst vitnið hafa umskráð bifreiðina fljótlega. Vitnið kvaðst þekkja seljandann, ákærða Jónas, nokkuð, og þá helst í gegnum bifreiðaviðskipti þeirra á milli. Vitnið kvaðst hafa greitt 30.000,00 krónur fyrir bifreiðina með staðgreiðslu í peningum. Kvaðst vitnið hafa hitt ákærða Jónas sem hefði boðið vitninu bifreiðina á þessu verði, og þar sem vitninu fannst það gott keypti það bifreiðina. Bifreiðin hefði hins vegar ekki reynst eins góð og vitnið hafði talið og seldi vitnið

bifreiðina fljótlega fyrir 37.000,00 krónur, og var sú upphæð staðgreidd. Vitnið kvaðst hafa átt nokkur viðskipti við ákærða Jónas þannig að vitnið hafi keypt bifreiðar af ákærða.

Við meðferð málsins kvað vitnið að því hafi upphaflega litist vel á nefnda bifreið, en síðar hafi komið í ljós galli á þakinu. Kvaðst vitnið hafa orðið sárt út í ákærða Jónas út af þessu og hafi ákærði aðstoðað við sölu bifreiðarinnar. Vitnið neitaði eindregið að um hefði verið að ræða málamyndagerning milli vitnisins og ákærða Jónasar um bifreiðina til að koma henni undan aðför fyrri eiganda. Vitnið kvaðst hafa auglýst bifreiðina í Dagblaðinu Visi. Hefði kaupandinn fyrst skoðað bifreiðina heima hjá vitninu við Skúlagötu, en síðar, eða sama kvöld, hefði hann skoðað hana við Unufell. Hefði kaupandinn síðan, áður en gengið var frá kaupunum, látið kunnáttumann skoða bifreiðina. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna í Straumsvík um þetta leyti og ákærði Jónas tekið að sér að afhenda bifreiðina og afsalið sem vitnið var búið að skrifa á áður.

Vitnið Magnús Þórarinn Baldvinsson, Sílakvísl 3, Reykjavík, skýrði svo frá við meðferð málsins að það hefði séð bifreið auglýsta til sölu í Dagblaðinu Visi, og keypti vitnið bifreiðina. Hefði verið um að ræða bifreiðina R-56996 af gerðinni Toyota Carina, árgerð 1973. Hefði bifreiðin verið til sýnis við Unufell 44. Er vitnið skoðaði hana þar voru þar seljandinn Sigurður Sigurpálsson og tveir aðrir menn sem vitnið hafði þekkt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins sem ákærðu í máli þessu. Ekki var gengið frá kaupum við Unufell 44, heldur næsta dag við Borgartún 1. Kom þá seljandinn ekki með bifreiðina heldur ákærði Jónas og var hann með undirskrifað afsal frá Sigurði. Vitnið kvað að er það skoðaði bifreiðina upphaflega við Unufell 44 hafi seljandinn Sigurður og ákærði Jónas haft sig álika mikið í frammi en þriðji maður ekki. Kvað vitnið að áður en ákærði Jónas hafi komið með bifreiðina niður í Borgartún 1 hafi hann farið með hana í Daihatsu umboðið þar sem mágur vitnisins skoðaði hana að ósk vitnisins. Hafði vitnið áhuga á að kaupa bifreiðina að lokinni þeirri skoðun, og reyndi það að fá kaupverðið lækkað. Kvaðst þá ákærði Jónas ekki geta fengið það lækkað á eigin spýtur, heldur yrði hann að hafa samband við Sigurð.

Ákærði Jónas Antonsson skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hefði keypt bifreiðina Þ-3677 á 45.000,00 krónur hinn 20. júní 1984 og greitt fyrir hana með þeim 4 víxlum, sem lýst hefur verið að framan. Ákærði kannaðist jafnframt við að hafa selt Sigurði Sigurpálssyni sömu bifreið fyrir 30.000,00 krónur í næsta mánuði og að Sigurður hafi greitt fyrir bifreiðina með reiðufé. Ákærði var spurður um hvaða möguleika hann hefði haft á þessum tíma til að greiða víxlana á gjalddögum, og kvaðst ákærði ekki treysta sér til að svara þeirri spurningu. Þá var ákærða bent

á að hann hefði fengið 30.000,00 krónur fyrir bifreiðina daginn áður en fyrsti víxillinn féll í gjalddaga og í framhaldi af því spurður hvers vegna hann hefði þá ekki greitt víxilinn. Ákærði kvaðst hafa haft margt að borga og peningarnir farið í það. Ákærði mundi ekki hvað það var. Ákærði kvaðst hafa unnið lítið á árinu 1984, smávegis við húsaviðgerðir og þá á eigin vegum. Ákærði kvaðst vera með öllu eignalaus.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði við að hafa keypt bifreiðina Þ-3677 hinn 20. júní 1984 með þeim skilmálum sem í ákæru greinir. Ákærði kvað einnig rétt vera að hann hefði endurselt bifreiðina Sigurði Sigurpáls-syni skömmu síðar fyrir 30.000,00 krónur í reiðufé. Kvaðst ákærði hafa notað féð til ýmissa greiðslna í eigin þágu og meðákærði X ekkert fengið af peningunum. Ákærði neitaði því eindregið að salan til Sigurðar Sigurpálssonar hefði verið málamyndagerningur. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað Sigurð við endursöluna og afhent nýja kaupandanum bifreiðina. Kvaðst ákærði hafa veitt aðstoð þessa í greiðaskyni við Sigurð, þar sem hann hefði verið óánægður með galla á bifreiðinni. Neitaði ákærði því að um hefði verið að ræða sammæli ákærðu um að hafa bifreiðina út úr Guðmundi Ingimundarsyni og greiða honum ekki söluverðið og kvaðst ákærði hafa ætlað að standa í skilum. Ákærði var spurður hvernig hann hefði verið í stakk búinn til að greiða kaupverðið og hvað hefði farið úrskeiðis. Svaraði ákærði því til, „að dýrt sé að lifa í dag og hann sé með þungt heimili“.

Ákærði bar að hann hefði hringt í Guðmund Ingimundarson, skömmu eftir að ákærði mætti hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og boðið honum að greiða 10.000,00 krónur inn á skuldina og semja um reglulegar greiðslur á eftirstöðvunum. Hefði Guðmundur verið mjög jákvæður og kómið í Unufell 44 um kvöldið ásamt einhverri konu, sennilega systur sinni. Hefði Guðmundur þá ekki viljað taka við peningagreiðslunni sem ákærði hafi verið með í höndunum og virtist ákærða að konan stjórnaði Guðmundi. Hefði Guðmundur krafist vaxta sem ákærði hefði ekki haft handbæra. Hefðu þau farið, Guðmundur og konan, og ákærði ekki heyrt meira frá Guðmundi síðan.

Ákærði X kvaðst við rannsókn málsins kannast við að hafa verið með meðákærða Jónasi er framangreind bifreiðaviðskipti fóru fram, þ.e. er bifreiðin Þ-3677 var keypt af Guðmundi Ingimundarsyni. Ákærði mundi ekki hvernig það kom til að hann fór með meðákærða til að athuga með þessi bifreiðakaup. Kvaðst ákærði kannast við að hafa skrifað sem útgefandi og framseljandi á þá fjóra víxla sem greinir í ákæru. Ákærði kvaðst ekkert hafa fengið í sinn hlut af söluverði bifreiðarinnar er hún var seld og ekki kómið nálægt þeim viðskiptum.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 9. janúar 1986 kannaðist hann við að hafa skrifað sem útgefandi á víxlana sem greinir í ákæru í greiðaskyni við

meðákærða Jónas. Ákærði neitaði því að um sammæli ákærðu hefði verið að ræða um að hafa fé af Guðmundi Ingmundarsyni. Ákærði neitaði því einnig að salan til Sigurðar Sigurpálssonar hefði verið málamyndasala. Ákærði kvaðst hafa verið fær um að greiða víxilábyrgðina á þessum tíma, en bar að hann hefði ekki verið í fastri vinnu frá því í júní 1984. Ákærði kvað sér ekki hafa verið kunnugt um fjárhag meðákærða Jónasar um þetta leyti en kvaðst þó hafa verið heimilismaður hjá meðákærða í ein 3 ár.

Rannsóknargögn málsins bera það með sér að Guðmundur Ingimundarson hafi eignast bifreið þá sem hér um ræðir hinn 11. júlí 1979. Hann seldi hana ákærða Jónasi Antonssyni hinn 20. júní 1984 og ákærði Jónas seldi síðan Sigurði Sigurpálssyni bifreiðina 19. júlí sama ár.

Samkvæmt vottorði Borgarfógetaembættisins í Reykjavík dags. 12. desember 1984, sem með fylgir ljósrit úr skrá yfir gjaldþrot og árangurslaus fjárnám, var ákærði Jónas Antonsson úrskurðaður gjaldþrota 23. apríl 1974 og 9. september 1976 og á árunum frá 1980 til 1982 var fjórum sinnum gert árangurslaust fjárnám hjá honum.

Samkvæmt sömu skrá var á árabílinu frá 1980 til 1982 6 sinnum gert árangurslaust fjárnám hjá ákærða X.

Í frangreindu vottorði kemur jafnframt fram að þó nokkuð sé síðan ákærðu Jónas og X hafi fengið á sig gjaldþrot og árangurslaus fjárnám, þýði það ekki að eitthvert lát sé á aðfararhæfum dómum á þá, heldur sé skýringin sú að þeir séu orðnir svo vonlausir að margir lögmenn leggi ekki í þann kostnað sem fullnustugerðum fylgja, svo og það að illmögulegt sé að fá þessa menn fyrir fógetarétt.

Niðurstöður:

Með framburði ákærða Jónasar Antonssonar sjálfs, framburði vitnanna Guðmundar Ingimundarsonar, Sigurðar Sigurpálssonar og Magnúsar Þórarins Baldvinssonar svo og vottorði Borgarfógetaembættisins um gjaldþrot og árangurslaus fjárnám hjá ákærða, verður að teljast fyllilega sannað að ákærði hafi náð eignarhaldi á bifreiðinni Þ-3677 svo sem í ákæru greinir með sviksamlegum hætti þann 20. júní 1984. Ákærði seldi síðan bifreiðina 19. júlí sama ár Sigurði Sigurpálssyni og fékk fyrir hana 30.000,00 krónur í reiðufé. Fyrsti víxillinn í viðskiptum ákærða og Guðmundar Ingimundarsonar gjaldféll næsta dag, en ákærði hirti ekkert um að greiða víxilinn og notaði féð í eigin þarfir. Hafði ákærði ekkert greitt af kaupverði bifreiðarinnar hinn 9. desember 1985, rúmlega ári eftir að síðasti víxillinn í viðskiptunum gjaldféll. Verður því að telja að ákærði hafi hvorki haft getu né vilja til að greiða kaupverð bifreiðarinnar er viðskiptin áttu sér stað. Ákærði hefur borið að hann hafi boðið Guðmundi Ingimundarsyni, er sá gekk eftir efndum, að greiða upp í umrædda skuld 10.000,00 krónur, en því hafi

Guðmundur hafnað. Segir ákærði að þetta hafi átt sér stað skömmu eftir að hann mætti hjá rannsóknarlögreglu ríkisins út af máli þessu, en það var hinn 12. desember 1984, tæpum 2 mánuðum eftir gjalddaga síðasta víxilsins í viðskiptum ákærða og Guðmundar Ingimundarsonar. Er ákærði einn til frásagnar um þetta. Jafnvel þó að framangreind staðhæfing ákærða væri á rökum reist, verður eigi talið að það hafi áhrif á sakarmat í máli þessu, enda ákærða ávallt í lófa lagið að inna skuld sína af hendi, t.d. með deponeringu, þrátt fyrir neitun kröfuhafa á viðtöku greiðslu.

Þykir framangreind háttsemi ákærða Jónasar Antonssonar varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Einnig þykir sannað af gögnum málsins að ákærði X hafi gefið út víxla þá er í ákæru greinir, þrátt fyrir að hann hafi verið eignarlaus og margoft hafi verið búið að gera hjá honum árangurslaus fjárnám. Þá verður að teljast sannað að ákærði, sem hafði verið heimilisfastur hjá meðákærða Jónasi í 3 ár, hafi gert sér fulla grein fyrir viðskiptaáformum meðákærða Jónasar. Þykir ákærði með háttsemi sinni hafa stuðlað að broti meðákærða Jónasar og með því gerst sekur um hlutdeild í því. Þykir háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Samkvæmt sakavottorðum hafa ákærðu sætt eftirtöldum refsingum:

Ákærði Jónas Antonsson:

- 1968 30/12 í Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1969 20/5 í Reykjavík. Dómur: 10 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga (Dómur nr. 205/1969).
- 1969 4/11 í Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Dómur nr. 418/1969).
- 1970 10/4 í Reykjavík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga. (Dómur nr. 175/1970).
- 1974 28/5 í Reykjavík. Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 248. og 261. gr. hegningarlaga.
- 1977 26/9 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hgl.

Þá var ákæru á hendur ákærða frestað skilorðsbundið 2 ár frá 29. júlí 1968 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1956. Auk þessa hefur ákærði á tímabilinu frá 1968 til 1980 7 sinnum sæst á sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota.

— — —

Ákærði Jónas Antonsson hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með

hliðsjón af sakaferli hans fangelsi 4 mánuði. Þar sem nokkuð er liðið frá því ákærði hlaut síðast fangelsisdóm þykir þó rétt að fresta fullnustu 2 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn tók við máli þessu hinn 1. desember sl., en hefur engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Ákærði Jónas Antonsson sæti fangelsi 4 mánuði og ákærði X sæti fangelsi 2 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X og 2 mánaða af refsingu ákærða Jónasar Antonssonar og skulu refsingarnar niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.
